



Trúnaðarmannaráðsfundur Grand hótel 4.mars 2026

Dagskrá:

1. Kári Sigurðsson setur fundinn.
2. Undirbúningur fyrir aðalfund – lagabreytingar
3. Kaffihlé
4. Reikningar félagsins
3. Félagsgjald
4. Önnur mál

Dags. fundar: 4.mars 2026	Kl. 13:15	Nr. fundar:
Fundarboðari: Kristín Erna	Fundarritari: KEA	Staður: Grand hótel

Viðstaddir: 82 trúnaðarmenn skráðir

Fjarfundur: 67 skráðir

1. Kári Sigursson setur fundinn.

Kári fer yfir það sem er búið að vera í gangi hjá félaginu síðustu vikur. Atлага stjórnvalda að réttindum ríkisstarfsmanna með aðstoð Viðskiptaráðs. Verið að færa réttindin niður í stað þess að bæta réttindi almenna markaðsins.

Í stað þess að skerða veikindarétt ætti að skoða af hverju er fólk veikt. Við búum á Íslandi sem er flensuland og svo er alltaf verið að skera niður og meira lagt á starfsfólk vegna manneklu.

Það er ýmislegt í stöðunni sem hvetur okkar til að vera á varðbergi.

K hvetur fólk til að mæta á aðalfund. Á meðal annars sem aðalfundur fjallar um er sameining Póstmannafélagsins og Sameykis. Það verður lagt fyrir aðalfund Sameykis og aðalfund Póstmannafélagsins á sama tíma hér á Grand 26.mars n.k.

2. Undirbúningur fyrir aðalfund - lagabreytingar

Garðar Svansson fer yfir vinnu laganefndar og kynnir þær hugmyndir sem eru í gangi. Tvær stórar breytingar sem við fjöllum um núna. Kjör formanns og kjör stjórnarmanna. (sjá glærur).

Kjörtímabilið er 4 ár og fyrir utan undantekningu í 1.sta skipti eru 7 kosnir á tveggja ára millibili.

Meðmælendur með stjórn (25) og formanni (50) nýtt.

Fullgildir félagar mega einir bjóða sig fram. Starfsmenn mega ekki vera í stjórn síðastliðin 3 ár.

Varamenn og stjórnir sjóða eru kosin til tveggja ára – ákveðið að hafa það í takt við kjör trúnaðarmanna.

Frambjóðendur fá aðgang að kjörskrá samkvæmt reglum um persónuvernd.

Eingöngu fulltrúar í trúnaðarmannaráði sem kosnir eru á vinnustöðum hafa kosningarétt (eru fullgildir fulltrúar).

Þetta gerir að kosið er annað hvert ár og samræming í lengd kjörtímabila. Kominn fastur taktur – 2 ár.

Opið fyrir umræður um lagabreytingarnar.

Athugasemdir og svör

Það verður búið til nákvæmt skipurit um vinnu og skyldur stjórnar sem sett verður á heimasíðuna svo væntanlegir frambjóðendur sjái skýrt umfang stjórnarstarfa.



Mikilvægt að trúnaðarmannráð fái að sjá tillögur laganevndarinnar.
Spurning hvort ætti að kjósa sérstaklega um varaformann vegna reynslunnar fyrir tveimur árum. Varaformaður ætti að vita af þeirri skyldu að leysa formann af.
Formaður verði kosinn beinni kosningu en ekki stillt upp eins og var.
Ef fólk vill gera athugasemdir við lagabreytingarnar má senda póst á Kristínu.
Næst verður kosið um alla stjórnina á sama tíma og kjarasamningar eru lausir. Við viljum hafa reynslu í hópnum.

3. Kaffihlé

4. Reikningar félagsins.

Borghildur fer yfir rekstrarreikninga Orlofssjóðs og Félagssjóðs.

Sjá glærur. Búið að klára alla ársreikninga vel fyrir aðalfund. Báðir sjóðir standa mjög vel.

Flugávisanir má kaupa 5 á ári. Var 7 en eru nú 5. Ábending af neti: Væri gott að fá niðurgreiðslu í Herjólf. Bent á að við ættum að eyða peningum meira í heilsu og því tengdu en styrkjum í ferðalög.

5. Félagsgjald

Stjórn leggur til að árgjald fari í 1% í 0,95 % af heildarlaunum félagsfólks og skipting þess milli sjóða verði þannig að 0,82% af heildarlaunum fari í Félagssjóð og 0,13% af heildarlaunum fari í Vinnudeilusjóð. Þetta verður lagt fyrir aðalfund.

6. Önnur mál

Athugasemd úr sal: Efling hélt ráðstefnu – þing. Móta stefnu félagsins næstu árin. Leggur til að Sameyki geri slíkt hið sama. Telur óþarfi að lækka félagsgjöldin – alltaf not fyrir fjármuni.

Spurning af neti: Hvernig gengur með stofnanasamningana? Svar: Misvel og gengur illa hjá stofnunum sem eiga enga peninga.

Garðar Svansson fyrir hönd skemmtilegu nefndarinnar:

1. Varðandi heimasíðuna, það þarf að koma svar við skráningum á fundi og umsóknum um ferðastyrki. Erfitt að fylgjast með þegar engin staðfesting berst.
2. Segir frá skemmtilegu nefndinni og því sem hún er að bardúsa
Hugmynd að hafa aðalfund á föstudegi eða laugardegi, bæði kveðja og fagna party
Söknum jólafundarins – fundirnir orðnir þurrir mætti brjóta þá upp.
Mætti hafa kynningu á vinnustöðunum á fundum, t.d. 1-2 á hverjum fundi.
Hafa haustfundinn fyrir utan Reykjavík, á Akranesi eða Keflavík.
Hafa vorfundinn á föstudegi 15.maí, fund, skemmtun, tónlist, veitingar.
Kári svarar: Heimasíðan komin í loftið – ekki alveg tilbúin
Munum senda út skoðanakönnun fljótlega.

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:03

Kristín Erna Arnardóttir